

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 284/2022

2023/EES/35/08

frá 28. október 2022

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1036 frá 29. júní 2022 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1429 að því er varðar framlengingu viðmiðunartímabilsins ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 37ar (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1429) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 R 1036**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1036 frá 29. júní 2022 (Stjtið. L 173, 30.6.2022, bls. 50).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/1036, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. október 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. október 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 173, 30.6.2022, bls. 50.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.